



ÖLFUS

Deildarstjóri óskast á heimili fatlaðs fólks

Deildarstjóri óskast í 80% starf á heimili fatlaðs fólks að Selvogsbraut 1 í Þorlákshöfn. Starfað er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr.38/2018. Unnið er á þrískiptum vöktum. Hlutverk deildarstjóra er m.a. að bera faglega ábyrgð á daglegri þjónustu við sérhvern notanda sem býr í íbúðakjarnanum í samræmi við einstaklingsáætlanir og skilgreind markmið heimilisins. Deildarstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi á heimilinu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á daglegri starfsemi í íbúðakjarnanum.
- Skipuleggur og samhæfir starfsemina í samræmi við kröfur.
- Veitir ráðgjöf til íbúa og starfsmanna og heldur utan um fræðslu.
- Ber ábyrgð á gerð og framkvæmd einstaklingsáætlana í samstarfi við forstöðumann og íbúa.
- Gerð og uppfærsla verklags í samvinnu við forstöðumann.
- Framfylgir hlutverki og markmiðum starfsstöðvar í samræmi við kröfulýsingu.
- Er staðgengill forstöðumanns.
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu og sem yfirmaður felur starfsmanni.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur svo sem þroskaþjálfamenntun eða önnur menntun á sviði mennta- eða félagsvísinda.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lipurð í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 2. desember n.k.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf 1. janúar n.k.

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Jóhannsdóttir, kolbrun@olfus.is eða í síma 483-3844.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Sveitarfélagið Ölfus